

Ed.

524. Nefndarálit

[187. mál]

um frv. til laga um lausn kjaradeilu atvinnuflugmanna.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Samgöngumálanefnd hefur athugað frv. þetta á einum fundi og rætt við deiluaðila, forráðamenn Félags ísl. atvinnuflugmanna og fulltrúa vinnuveitenda. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Leggur meiri hl. n., stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, til, að frv. verði samþykkt, en undirritaðir eru andvígir frv. og leggja til, að það verði fellt.

Með frv. þessu er stefnt að því að banna verkfall það, sem Félag ísl. atvinnuflugmanna boðaði til frá og með 3. apríl s. l. og er í alla staði lögmætt skv. lögum um stéttarfélög og vinnudeilur. Enn fremur er svo stefnt að því, að skipaður verði gerðardómur, sem ákveði þeim hópi atvinnuflugmanna, sem hér um ræðir, laun, vinnutíma og öll önnur starfskjör.

Það er skoðun undirritaðra, að engar þær röksemdir hafi verið færðar fram, sem réttlæti það, að atvinnuflugmenn séu sviptir samningsrétti sínum við atvinnurekendur. Ekki verður heldur séð, að slíkar aðgerðir þjóni á nokkurn hátt íslenskum hagsmunum eða geti reynzt hjargráð fyrir Loftleiðir h/f eða önnur íslensk flugfélög, þegar til lengdar lætur. Miklu líklegra er, að slíkar árásir á mannréttindi flugmannastéttarinnar mundu valda Loftleiðum ófyrirsjáanlegu tjóni í framtíðinni, m. a. vegna þeirrar hættu, að hin vel mennta og hæfa starfsstétt mundi í verulegum mæli hrekjast brott úr landinu til starfa hjá erlendum flugfélögum, sem flest eða öll bjóða miklu hærri launakjör og betri starfsskilyrði en hér tíðkast, a. m. k. enn sem komið er. Hafa flugmenn og lýst því yfir, að þeir muni ekki una því að taka laun fyrir störf sín, nema samkvæmt frjálsum samningum við vinnuveitendur sína. Þegar af þessari ástæðu erum við undirritaðir andvígir þessu frv.

Aðrar ástæður eru þó sízt veigaminni. Yfirvofandi hætta er á, að slíkt fordæmi, sem skapast mundi við mannréttindasviptingu flugmanna, yrði síðar notað gegn öðrum launastéttum, jafnvel þeim, sem lægstur tekjur hera frá borði í þjóðfélaginu. Alveg sérstaklega ber að hafa þessa hættu í huga nú, þegar svo stendur á, að láglaunastéttirnar búast til sóknar fyrir bættum kjörum eftir 5 ára tímabil nær algerrar kyrrstöðu í kjaramálum eða jafnvel beinnar afturfarar hvað launakjör snertir. Framkvæmd þessa frv. er því bein ógnun við stéttasamtökin í landinu, grundvallar-réttindi þeirra og framtíðarkjarabaráttu.

Í þessu sambandi er og rétt að hafa í huga, að núv. ríkisstjórn hefur hvað eftir annað vegið að þeim réttargrundvelli, sem stéttasamtökin starfa á samkvæmt gildum landslögum, og er reynslan af þeim aðgerðum sízt til þess fallin að sætta almenning við frekari fordæmi af slíku tagi.

Í viðræðum við fulltrúa F. Í. A. og Loftleiða hefur það skýrzt fyrir n., að engar óskir hafa verið bornar fram frá þessum aðilum til ríkisstjórnarinnar að knýja fram lögþvingaðan gerðardóm. Vekur sú yfirlýsing beggja deiluaðila grun um, að hér séu aðrar og ógöfugri hvatir að baki en látið er í veðri vaka. Augljóst er einnig, að ófullnægjandi sáttaaðgerðir hafa farið fram, og er næsta líklegt, að atvinnurekendur hafi allt frá því er málið kom í hendur sáttasemjara skákað í því skjóli, að lögþvingaður gerðardómur yrði settur í deilunni.

Það er því skoðun minni hl., að sættir í þeirri deilu, sem hér um ræðir, séu því aðeins líklegar, að hv. Alþingi felli þetta frv. og geri þar með báðum deiluaðilum ljóst, að þeir verði hvor um sig og báðir sameiginlega að standa ábyrgir gerða sinna á grundvelli gildandi landslaga. Það styður og mjög þessa skoðun okkar, að miklu minna ber raunverulega á milli deiluaðila en ýmsir hafa látið í veðri vaka. Frjálsir samningar mundu því að öllum líkindum vera á næsta leyti, ef eðlilega væri að þeim unnið og ríkisstjórnin yrði hindruð í óeðlilegum og jafnvel stórhættulegum afskiptum af deilunni.

Alþingi, 28. apríl 1965.

Björn Jónsson,
frsm.

Ásgeir Bjarnason.

Páll Þorsteinsson.

Fylgiskjal.

Í marzmánúði s. l. hófust viðræður fulltrúa F. Í. A. við fulltrúa Loftleiða h/f og Vinnuveitendasambandsins um samningsgerð varðandi kaup og kjör flugmanna, sem starfa á flugvélum af gerðinni R.R-400.

Flugmenn höfðu þá þegar starfað á þessum flugvélum frá því í júní 1964 gegn því, að laun yrðu síðar greidd skv. þeim samningi, sem gerður yrði.

Allar samningaviðræður hafa einkennzt af tregðu viðsemjenda F. Í. A. til að semja.

F. Í. A. lækkaði kröfur sínar fyrir verkfall um 25%, en Loftleiðir h/f hafa hins vegar til þessa ekki viljað greiða nokkra kauphækkun og tilkynntu jafnvel á einum fundi, að af félagsins hálfu væri gerð krafa um kauplækkun.

Auk þess sem deilt er um kaup, er mikill ágreiningur um vinnutíma, þann hluta vinnutímans, sem telst flugtími.

F. Í. A. lítur svo á, að frumvarp það til laga um lausn á kjaradeilu atvinnuflugmanna, sem hefur verið lagt fyrir Alþingi, sé m. a. skýringin á tregðu Loftleiða h/f til að semja um ágreiningsefnin, þ. e. að forráðamenn Loftleiða h/f hafi, meðan verið var að vinna að samningum, átt von á slíku lagafrumvarpi og verið því samþykkt, að það yrði lagt fram.

F. Í. A. hefur áður orðið fyrir barðinu á ríkisvaldinu, er bráðabirgðalög voru sett um bann við verkfalli atvinnuflugmanna, er félagið stóð í kjaradeilu árið 1960.

F. Í. A. lítur mjög alvarlegum augum á lagafrumvarp það, sem nú hefur verið lagt fram.

Verði það samþykkt, er félagið svipt grundvallarréttindum launþegasamtaka í lýðfrjálsum löndum, samningafrelsinu.

Flugmenn vilja ekki og munu ekki una því að taka laun fyrir starf sitt, nema skv. frjálsum samningum við vinnuveitendur sína.

Vinnutími flugmanna getur skv. samningum komizt upp í 22 klst. á sólarhring, og hefur hann fyrir baráttu flugmanna þó verið færður niður frá því, sem áður var.

Í þessari kjaradeilu er krafizt breytinga á flugtíma til lækkunar, fyrst og fremst til að forðast ofþreytu flugmanna út af næturvökum og vegna þeirrar röskunar, sem mikill tímamismunur á áfangastöðum og hvíldarstöðum veldur.

F. Í. A. telur óhæft með öllu að ætla öðrum en flugmönnum sjálfum í samráði við vinnuveitendur sína að ákveða vinnutíma atvinnuflugmanna.

Mundi slíkt sennilega einsdæmi meðal lýðræðisþjóða.

Með vísan til þess, sem að framan segir, og af fleiri ástæðum heitir F. Í. A. á hæstvirt Alþingi að fella nefnt lagafrumvarp, og telja má víst, að samningar milli F. Í. A. og Loftleiða h/f kæmst þá fljótt á.

Stjórn F. Í. A.